

Ed.

71. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd deildarinnar hefur á sameiginlegum fundi með fjárhagsnefnd Nd. athugað þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir. Enn fremur var það svo tekið fyrir á fundi fjárhagsnefndar deildarinnar, en samkomulag um afgreiðslu málsins fékkst ekki.

Með lögum frá 29. marz 1961 var gengisskráningarávaldið tekið af Alþingi og fengið í hendur Seðlabanka Íslands, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur nú í fjórða sinn á 9 árum fellt gengi krónunnar. Nemur verðhækkun á erlendum gjaldeyri nú um 54.4%.

Afleiðingar af gengisfellingunni koma fram á flestum sviðum þjóðlífsins, og margvísleg lagasetning verður því óhjákvæmileg afleiðing hennar.

Í hvert skipti sem gengi krónunnar hefur verið breytt, hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, að gengisfellingin mundi hleypa nýju fjöri í útflutningsatvinnuvegina og leysa þar með vanda efnahagslífsins. Þegar gengið var fellt á síðasta ári, skyldi endur-reisa allt athafnalíf. En hver varð raunin? Erfiðleikar útflutningsatvinnuveganna hafa aldrei verið meiri en einmitt eftir síðustu gengisfellingu. Þegar höfð er í huga reynsla frá gengislækkunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar á undanförunum árum og þó alveg sérstaklega frá s. l. ári, verður að telja það mjög furðulegt, að enn á ný skuli gripið til sams konar ráða, án þess að nokkuð bendi til þess, að grundvallarstefnu-breyting í efnahagsmálum muni eiga sér stað.

Augljóst er, að afleiðingar af gengislækkuninni verða þær, að kaupmáttur launa hlýtur að minnka, m. a. sérstaklega ef sú ætlun ríkisstjórnarinnar að ógilda ákvæði gildandi kjarasamninga um vísitölubætur á laun og breyting á reglunum um hlutaskiptakjör sjómanna, sjómönnum í óhag, nær fram að ganga. Það verður að teljast mjög ótrúlegt, að ríkisstjórnin komi fram þessum kjaraskerðingaráformum gagnvart launafólki og sjómönnum. Enn fremur er það augljóst, að afleiðingar af þeirri gengislækkun, sem nú hefur verið ákveðin, hljóta óhjákvæmilega að verða miklar verðhækkanir á vörum og þjónustu.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um enn eina gengislækkun eru óraunhæfar og eru ekki líklegar til að leysa vanda atvinnuveganna. Gengisfellingin nú að óbreyttri stefnu mun valda fleiri vandkvæðum og vekja upp fleiri vandamál en hún leysir. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar ríkisstjórnarinnar hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálunum stöðugt farið vaxandi.

Það, sem nú þarf að gera í efnahagsmálum, er fyrst og fremst að breyta í grundvallaratriðum þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í atvinnu- og efnahagsmálum undanfarið. Þjóðarþúfið þolir ekki skipulagslausu fjárfestingu né þá gegndarlausu sóun á gjaldeyri, sem átt hefur sér stað undanfarið.

Við undirritaðir teljum, að stefnan í efnahagsmálum hafi í grundvallaratriðum verið röng og sé það enn. Reynsla undanfarinna ára sannar, að hún fær ekki staðizt. Minni hluti fjárhagsnefndar efri deildar leggur því til, að frumv. þetta verði fellt.

Alþingi, 12. nóv. 1968.

Bjarni Guðbjörnsson,
frsm.

Tómas Karlsson.

Björn Jónsson.